

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, kennari og blaðamaður.

Nám

Melkorka er með BA-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands, með trúarbragðafræði sem aukagrein. BA-ritgerðin fjallaði um trúarhugtakið. Vorið 2016 lauk hún BA-prófi í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri. BA ritgerðin fjallaði um þróun Dyflinnarreglugerðarinnar. Vorið 2019 útskrifaðist hún með MA próf í Hnatrænum tengslum frá HÍ. Um er að ræða þverfaglega námsleið þar sem áhrif hnattvæðingar á mannlegt samfélag eru greind og sett í samhengi. Meistararitgerðin hennar fjallaði um pólitíska stöðu Íslands í Norðurskautsráðinu. Melkorka er með viðbótardiplóma til kennsluréttinda frá HA.

Félagsstörf

Melkorka sat í stjórn Rauða krossins um tveggja ára skeið og skrifaði greinar fyrir samtökin til að vekja athygli á samningi Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, en Rauði krossinn átti virkan þátt í gerð samningsins.

Á námsárum sínum í lögfræði var Melkorka aðstoðarritstjóri Lögfræðings, tímarits lögfræðinema við Háskólann á Akureyri. Þar tók hún virkan þátt í stefnumótun. Á vegum tímaritsins tók hún meðal annars ítarlegt viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson, þáverandi forseta Íslands, um málefni norðurslóða og við Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómara, um hugmyndir hans varðandi úrbætur á réttarkerfinu.

Melkorka heldur úti tveimur vefsíðum: kjarnimalsins.is og fjolmenning.is

Ráðstefnur

Melkorka var með erindi á ráðstefnu á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands árið 2017 sem bar heitið Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland? Þar fjallaði hún um lög um þjóðaröryggisráð Íslands með gagnrýnum hætti. Sama ár var hugmynd hennar valin sem ein af sex bestu hugmyndunum í hugmyndasamkeppni Höfða friðarseturs, um hvernig Reykjavíkurborg getur stuðlað að friði. Hún kynnti hugmyndina á friðarviku í Ráðhúsi Reykjavíkur í október sama ár. Þar var hugmyndin útfærð og loks afhent Reykjavíkurborg.

Störf

Melkorka hefur einkum lagt stund á kennslu og ritstörf.

Framundan

Melkorka ætlar að klára ML próf í lögfræði næstu vetur og stunda ritstörf milli anna.